

Nd.

25. Breytingartillögur

[3. mál]

við frv. til l. um kosningar til Alþingis.

Frá Einari Olgeirssyni, Steindóri Steindórssyni og Jóhanni Hafstein.

1. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi.

Yfirkjörstjórn skal með nægum fyrirvara á undan kosningum auglýsa aðsetur sitt, þar sem hún veitir viðtöku framboðslistum og þar sem hún dvelst, meðan kosning fer fram, og skal aðsetur hennar vera eins miðsvæðis í kjördæminu og kostur er, enda liggi það vel við samgöngum.

2. Við 10. gr. Fyrsti másl. 2. málsgr. orðist svo:

Í kaupstöðum, þar sem kjördeildir eru fleiri en ein, kýs bæjarstjórn 3 manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað.

3. Við 40. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:

Þó er stjórn málaflokki heimilt að velja sér bókstaf, sem eigi er notaður af þingflokki, en tilkynna skal hann landskjörstjórn slíkt val samstundis. Sé ágreiningur um slíkt val milli flokka, sker landskjörstjórn úr.

4. Við 133. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingis-kosningar hafa verið ákveðnar.